

Áhættumat og viðbragðsáætlanir

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 tóku að fullu gildi 1. janúar 2006. Fyrirtæki skulu skila inn staðfestingu tryggingar, áhættumati og viðbragðsáætlunum ef við á fyrir 15. febrúar n.k. til útgefanda starfsleyfis.

Markmið laganna (1.gr) er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri eða framkvæmdum hér á landi, í lofthelgi og mengunarlögsögu Íslands.

Lögin varða að mestu leyti skip og hafnarstarfsemi en í lögnum eru nokkur ákvæði sem varða almenna iðnaðarstarfsemi og fiskeldi, sjá viðauka I A hér að neðan. Þessi starfsemi skal taka ábyrgðartryggingu sem nemur allt að 1 milljón SDR eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu til að bregðast við bráðamengun. Bráðamengun er mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða. Tryggingafélögin bjóða tryggingar sem uppfylla skilyrði laganna. Um þetta er fjallað í 16. gr. laganna. Þar kemur fram að bregðast skuli strax við bráðamengun og koma í veg fyrir frekari mengun. Mikilvægt er að tryggingaskyldan nær einungis til bráðamengunar hafs og stranda. Nánar er um tryggingarnar fjallað í reglugerð nr. 1078/2005.

Atvinnurekstur, sem valdið getur mengun og sem talinn er upp í viðauka I A með lögnum, skal gera áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem m.a. tekur tillit til þátta eftirfarandi þátta sem fram koma í viðauka IB með lögnum:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Þannig þurfa ekki öll fyrirtæki að gera viðbragðsáætlun þótt þau séu á listanum og þurfi að taka trygginguna. Einungis atvinnurekstur sem getur valdið bráðamengun hafs og stranda og er á listanum á að gera slíka áætlun. Þannig má auðveldlega sjá fyrir sér starfsemi sem er á listanum en notar engin hættuleg efni eða er þannig staðsett að bráðamengun hafs og stranda er nánast óhugsandi. Engin ástæða er fyrir slíka starfsemi að leggja fram viðbragðsáætlun. Ef þess verður krafist af eftirlitsaðila eru slíkar ákvarðanir kærnanlegar samkvæmt lögnum. Eins er ljóst af lögnum og greinargerð með frumvarpinu þegar það var lagt fram á Alþingi að átt er við þá starfsemi sem getur valdið hvað alvarlegastri mengun og eðlilegt að þessar kvaðir séu túlkaðar þröngt.

Skilgreind hættuleg efni eru að finna á vefsetri Umhverfisstofnunar, www.ust.is og í viðauka II í lögnum er listi yfir efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið.

Þessi efni eru:

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Oliur, oliukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Viðauki I A

Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

- | | |
|---|---|
| 1. Fiskimjölsværksmiðjur. | 21. Bensínstöðvar. |
| 2. Álframleiðsla. | 22. Pappírs- og trjákvöðuframleiðsla. |
| 3. Áburðarframleiðsla. | 23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði. |
| 4. Sements- og kalkframleiðsla. | 24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota. |
| 5. Kísiljárnframleiðsla. | 25. Oliubirgðastöðvar. |
| 6. Kísilmálmframleiðsla. | 26. Stálsmiði og stálskipagerð. |
| 7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla. | 27. Viðhald og niðurrif skipa. |
| 8. Járn- og stálframleiðsla. | 28. Meðferð og húðun málma. |
| 9. Glerullar- og steinullarframleiðsla. | 29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag. |
| 10. Sútunarverksmiðjur. | 30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m ³ . |
| 11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar. | 31. Ullarþvottastöðvar. |
| 12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar. | 32. Fítu- og lýsisvinnsla. |
| 13. Meðhöndlun og förgun spilliefna. | 33. Sláturhús. |
| 14. Lím- og málningarvöruframleiðsla. | 34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar. |
| 15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar. | 35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur. |
| 16. Kítín- og kítosanframleiðsla. | 36. Flugvellir. |
| 17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum. | 37. Annar sambærilegur atvinnurekstur. |
| 18. Framleiðsla á peroxíðum. | |
| 19. Sinkframleiðsla. | |
| 20. Olíuhreinsistöðvar. | |

Áhættumat og viðbrögð

Fyrirtæki skulu byggja viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar á áhættumati í samræmi við viðauka I B og lista í viðauka II.

Almennar upplýsingar

Sjá starfsleyfi og grænt bókhald þar sem það á við.

- ✓ Lýsing á starfsemi, Sjá starfsleyfi.
- ✓ Umhverfisstefna. (Valfrjálst)
- ✓ Umhverfismarkmið. (Valfrjálst nema þegar slíkt ákvæði er í starfsleyfi)

Minnislisti fyrir áhættumat

1. Eru hættuleg efni notuð í starfseminni sem falla undir viðauka I B og II?

Ef svarið er NEI þá falla niður 2. - 4. liðir í I B. Rökstyðja!

Ef svarið er JÁ, gera lista yfir hættuleg efni í starfseminni sjá 3ja lið hér að neðan.

2. Er hættu á að hættuleg efni mengi strandir eða haf ef slys hendir?

Skoða þarf fjarlægð frá strönd/sjó, forvarnir og ef við á, hvernig fráveitu er háttuð frá hugsanlegum mengunarstað. Ef starfsemin er á sjó þarf að skoða forvarnir og verklag.

3. Greina hættuleg efni, magn, og áhrif og verkun efnanna á viðtaka samanber viðauka IB og II.

4. Gera áhættumat og viðbragðsáætlun.

Til leiðbeiningar hefur Umhverfisstofnun útbúið skala til að meta hvort gera þurfi viðbragðsáætlanir.

Tafla 1: Hættur á bráðamengun á móti líkum á óhappi

Mjög miklar	D	G	I
Miklar	B	E	H
Óverulegar	A	C	F
	Ólíklegt	Frekar ólíklegt	Líklegt

A B C er viðunandi í lagi

D E F er á gráu svæði úrbætur nauðsynlegar

G I H er óviðunandi

Ef niðurstaða matsins eru viðunandi er ekki þörf á úrbótum eða viðbragðsáætlunum. Ef niðurstaðan er óviðunandi er þörf á úrbótum vegna mengunarvarna og gerð viðbragðsáætlana.

Dæmi um áhættumat – Dieselolíugeymir og lagnir að rafstöð

Efni	Dieselolía
Stærð tanks í lítrum	5000
Fjarlægð frá sjó/strönd	Hefur ekki áhrif
Tegund mengunar	Olíumengun
Atvik	Mistök eða bilun á búnaði
Forvarnir og búnaður	Þró undir tanki, yfirfyllingarvörn
	Ísogsefni tiltæk
Líkur á mengun	Ólíklegt A
Afleiðing	Óverulegar A
Áhætta	Óveruleg A
Viðbrögð við mengunarslysi	Verði mengunarslys er brugðist strax við skv. verklagi nr. xxx, koma í veg fyrir frekari mengun og slysið tilkynnt til 112 og Umhverfisstofnunar.
Vátrygging	Vátryggingaskírteini nr. xxx

Dæmi um áhættumat – Fituskilja

Efni	Fita og grútur
Stærð tanks í lítrum	500
Fjarlægð frá sjó/strönd	Hefur ekki áhrif. Frárennsli tengist skolpkerfi OR
Tegund mengunar	Fitu og grútarmengun út í sjó
Forvarnir og búnaður	Aðvörun. Fylgst er með búnaði reglulega, verklag nr. xxx. Frárennsli fer í skolpkerfi OR.
Líkur á mengun	Frekar ólíklegt C
Afleiðing	Óverulegar A
Áhætta	Óverulegar C
Viðbrögð við mengunarslysi	Verði mengunarslys er brugðist strax við skv. verklagi nr. xxx, koma í veg fyrir frekari mengun og slysið tilkynnt til OR, 112 og Umhverfisstofnunar.
Vátrygging	Vátryggingarskírteini nr. xxx